

- 2.5. Úrgangur, sem urðaður er skal þakinn a. m. k. 60 cm. af jarðvegi. Urðun skal fara fram reglulega og leitast skal við að urða úrgang á vel afmörkuðum stöðum innan urðunarsvæðisins.
- 2.6. Að aflokinni urðun skal svæðið frágengið þannig að snyrtilegt sé og að það falli sem best inn í landslagið. Sá skal grasfræi eða öðrum gróðri við lokafrágang.
- 2.7. Koma skal upp jarðvegshólum til að byrgja sýn inn á urðunarsvæðið.
- 2.8. Leiðbeiningaskiltum skal koma upp þar sem opnunartímar eru kynntir ásamt umgengni um svæðið og hvar losun eigi að fara fram í hvert skipti.
- 2.9. Rykmengun frá sorpbrennsluofni skal eigi vera meiri en 200 mg/n m³.
- 2.10. Takmarka skal brennslu á bíldekkjum og stærri plasthlutum svo sem kostur er á og leita leiða til endurnýtingar.
- 2.11. Losun málmhluta í öskurennu sorpbrennslustöðvar er óheimil.
- 2.12. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að starfsleyfið verði endurskoðað ef í ljós kemur hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings eða vegna röskunar lífríkis.

3. Gildistaka.

- 3.1. Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stöð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðisefirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

STARFSLEYFI

fyrir sorpeyðingu í Presthólahreppi (Kópaskeri).

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir eyðingu á heimilis-, iðnaðar- og verslunarsorpi í hreppnum.
- 1.2. Eigi má breyta eða auka þennan rekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3. Skylt er að sjá um, að á öllu athafnarsvæðinu sé gætt fyllsta hreinlætis, eftir því sem kostur er á og umhverfið sé snyrtilegt.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. Varnir gegn mengun umhverfis.

- 2.1. Þeir aðilar, sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og aðflutning úrgangsins í samráði við heilbrigðisnefnd. Sveitarstjórn getur ákveðið í samráði við heilbrigðisnefnd að mismunandi tegundum þessa úrgangs sé haldið aðgreindum í nýtingarskyni.

- 2.2. Þeim hluta sérstaks úrgangs, sem telst hættulegur, má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum hættulegs úrgangs skal auk þess halda aðgreindum í samráði við Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd.
- 2.3. Athafnasvæði sorpeyðingarinnar skal vera vel afgirt og skal gera sérstakar ráðstafanir til að fok berist ekki frá staðnum. Sorpbrennsluþró skal vera útbúin fokgrindum að ofan og við öskulosunarop.
- 2.4. Úrgangur, sem kann að berast frá sorpeyðingunni út fyrir afgirt athafnasvæði hennar skal hreinsa upp reglulega.
- 2.5. Sérstakur staður skal vera fyrir brotajárn innan girðingar sorpeyðingarstöðvarinnar, ekki er leyfilegt að brotamálmur verði urðaðir, heldur leitast við að þeir fari til brotamálmsvinnslu eftir því sem tók eru á.
- 2.6. Úrgangur, sem urðaður er skal þakinn a. m. k. 60 cm. af jarðvegi. Urðun skal fara fram reglulega og leitast skal við að urða úrgang á vel afmörkuðum stöðum innan urðunarsvæðisins.
- 2.7. Að aflokinni urðun skal svæðið frágengið þannig að snyrtilegt sé og að það falli sem best inn í landslagið. Sá skal grasfræi eða öðrum gróðri við lokafrágang.
- 2.8. Leiðbeiningaskiltum skal koma upp þar sem opnunartímar eru kynntir ásamt umgengni um svæðið og hvar losun eigi að fara fram í hvert skipti.
- 2.9. Takmarka skal brennslu á bíldekkjum og stærri plasthlutum svo sem kostur er og leita leiða til endurnýtingar.
- 2.10. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að starfsleyfið verði endurskoðað ef í ljós kemur hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings eða vegna röskunar lífríkis.

3. Gildistaka.

- 3.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, samaber 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. desember 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

REGLUGERÐ

um fæðingarorlof samkvæmt lögum nr. 59 frá 31. mars 1987 um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum.

1.0 Gildissvið.

1. gr.

Bætur Tryggingastofnunar ríkisins í fæðingarorlofi eru annars vegar fæðingarstyrkur og hins vegar fæðingardagpeningar.

Fæðingarorlof skal taka í einu lagi.